

42 niður á sýslufjelögin jafnaðarsjóðsgjaldi, að upphæð 3883 kr., fyrir árið 1894, 17. apríl. þótt upphæð þessi væri meira en fjórðungi hærri en gjaldið hefir verið að meðaltali næst undan farin 3 ár.

43 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. apríl. flutning á þingstað (ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að þingstaðurinn í Þingeyrarhreppi verði fluttur frá Meðaldal að Þingeyri, og sjái hreppsnefndin fyrir hæfilegu húsi til þinghaldanna.

44 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 18. apríl. hlunnindi handa sparisiði (ágrip). — Með brjefi þessu voru sparisiðnum á Ísafirði endurveitt hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, um næstkomandi 10 ára tímabil, frá 11. júní þ. á., með venjulegum skilyrðum.

45 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi til húsabygginga 18. apríl. handa prestakalli (ágrip). — Með brjefi þessu var með venjulegum skilyrðum veitt leyfi til þess að veðbinda tekjur Hvammsprestakalls í Dalaprófastsdæmi fyrir 3000 kr. láni til 28 ára, til þess að byggja á prestssetrinu nýtt timburhús, 14½ al. á lengd og 9½ al. á breidd, er komi í stað bæjarhúsa, er nú fylgja staðnum.

46 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli 18. apríl. til húsabóta á prestssetri (ágrip). — Með brjefi þessu var leyft að veðbinda tekjur Setbergsprestakalls í Snæfellsnessprófastsdæmi fyrir 800 kr. láni til 24 ára til nauðsynlegra bóta á hinu núverandi húsi á prestssetrinu.

47 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á aukapinginu 1894. — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland, hefur hans hátign konunginum 12. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á aukapinginu 1894 sje ákveðin 1000 krónur.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild stjórnartíðindanna.

48 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandferðir samkvæmt ferðaáætlun 18. apríl. alþingis. — Vegna þess að hinar fyrirhuguðu strandferðir kringum Ísland, sem veittar eru til 25000kr. á ári í 12. gr. b. a. 2. í fjárlögunum fyrir 1894 og 1895, hafa ekki getað komizt á, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stórnartíðindanna, hvað gjört hefur verið til þess að koma nefndu fyrirtæki í kring.